

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Reykjhahlíðar.

#### 1. gr.

Hitaveita Reykjhahlíðar selur hitaorku frá aðveituað og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

#### 2. gr.

Hitaveita Reykjhahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennslu að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

#### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- |  |         |
|--|---------|
| a) Fyrir vatn 80°C og heitara greiðast | kr. 129 |
| b) Fyrir vatn 70°-79°C greiðast        | kr. 104 |
| c) Fyrir vatn 69°C og kaldara greiðast | kr. 78  |

Hitaveitunni er heimilt að fára notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólunum sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

#### 4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- |                                       |           |
|---------------------------------------|-----------|
| a) Fyrir mæli allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 1.122 |
| b) Fyrir mæli 1" – 2"                 | kr. 2.261 |
| c) Fyrir mæli 3" og stærri            | kr. 4.505 |

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.023.

Gjalddagi hitaveitugjalfa er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

#### 6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjhahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

<i>Hús 400 – 2.000 m³</i>	<i>kr.</i>
Fyrir 400 m³	207.257
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m³	180
Hús stærri en 2.000 m³	494.555
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000 m³	144
Öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.	
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er	27.522

Nr. 278

6. mars 2012

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjavíðar hefur rétt til að loka aðrennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnum á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk kr. 2.046 í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar svo sem heyþurkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 2012 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 4. mars 2011 nr. 271.

*Iðnaðarráðuneytinu, 6. mars 2012.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Erla Sigríður Gestsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2012